

**Nr. 080 / 10 Klakkur SH 510****Skipverji slasast á höfði**

Skipaskr.nr. 1472  
Smíðaður: Gdynia Póllandi, 1977  
Stærð: 488,0 brl. 744,7 bt.  
Mesta lengd: 51,83 m Skráð lengd: 44,71 m  
Breidd: 10,76 m Dýpt: 6,96 m  
Vél: B&W Alpha 1620 kW, 1987  
Fjöldi skipverja: 15



Klakkur©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 9. júní 2010 var Klakkur SH 510 á togveiðum á Halamiðum. Veður: SV 6-7 m/sek.

Þegar verið var að láta trollið fara strekkti í falinn (gikkfalinn), sem losar byssukrókurinn, en þar sem hann var flæktur utan um byssukeðjuna losnaði krókurinn ekki. Við það lenti of mikill þungi á gikkfalnum svo hann slitnaði. Endinn slóst með miklu afli í höfuð skipverja sem átti að losa byssuna og stóð í skotlínu þegar tógið slitnaði.

Hugað var að slasaða sem bólignaði mikið í andliti. Skipstjóri lét þegar taka trollið og hélt áleiðis til lands og eftir samráð við lækni var þyrta send eftir þeim slasaða.

**Við rannsókn kom fram:**

- að gikkfalurinn var 16 mm nælon krafttóg en samskonar nýtt tóg hefur 4,9 tonna slitþol við 19% tognun en efri endinn var festur í skipið. Byssukrókurinn er L-krókur og er gikkfalnum lásað í hnakka króksins. Þegar tekur í gikkfalinn „sturtast“ byrðin úr en ef átak á hnakkann liggur upp með króknum getur gikkfalurinn ekki „sturtað“ úr króknum;
- að eftir slysið sagði skipstjóri að búnaðinum hafi verið breytt að því leyti að efri endi byssufalsins er ekki lengur bundinn við skipið. Ef samskonar atvik verður þá fer falurinn fyrir borð.

**Nefndarálit:**

Orsök slyssins var að gikkfalurinn slitnaði þegar of mikill þungi lagðist á hann eftir að hann flæktist utan um byssuna og trollinu var slakað lengra út en venja var.